



Reykjavík, 9. janúar 2025

USK 24060434

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 28. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig skipulagsyfirvöld og meirihlutinn hyggst bregðast við mótmælum íbúa Grafarvogs vegna fyrirhugaðrar byggingu á fjölbýlishúsi á lóð við Smáraríma/Sóleyjaríma en með því er gengið á grænan reit?

Greinargerð fylgdi með fyrirspurn:

Stofnaður hefur verið undirskriftalisti til að mótmæla áformum um að byggja stórt fjölbýlishús með 65-96 íbúðum á lóð á mótí Rimaskóla, við Smáraríma/Sóleyjaríma. Margir íbúar hafi áhyggjur af þessu, þar sem verið væri að skerða mikilvægt útivistarsvæði sem er mikið notað af íbúum. Einnig geti byggðin ofhlaðið skóla og leikskóla sem þegar eru fullnýttir, og aukið umferð á svæðinu með tilheyrandi hættu fyrir börn. Nú reynir á samráðsfærni meirihlutans við borgarbúa. Allt of mikið hefur verið gengið á græn svæði frá því síðasti meirihluti hóf að þetta byggð. Græn svæði gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Rannsóknir sýna að nálægð við græn svæði geti dregið úr streitu, bætt andlega heilsu og aukið líkamlega virkni. Græn svæði séu lykilatriði í sjálfbærri þróun borgarsamfélaga og bæti lífsgæði íbúa á fjölbreyttan hátt. Um þetta hefur fulltrúi Flokks fólksins oft fjallað um bæði í ræðu og bókunum. Samhliða þéttingu byggðar í Grafarvogi hefur ekki verið útfært hvernig umferð verði háttáð og aðgengi í ljósi þess að bílum fer fjölgandi. Hér er um úthverfi að ræða og ekki hægt að ætlast til að allir hoppi á hjólið.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2024.

Svar:

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er umætt svæði skilgreint sem íbúðarsvæði með almennum uppbyggingarheimildum sem falla að landnotkun reitsins. Unnið er að tillögu



Reykjavík



að deiliskipulagi fyrir umrætt svæði sem byggist m.a. á hugmyndaleit um uppbyggingu og skipulag svæðisins en gert er ráð fyrir að tillaga að skipulagi svæðisins fari í almennt samráðs- og skipulagsferli þar sem íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefst tækifæri á að koma sjónarmiðum og ábendingum á framfæri. Allar athugasemdir verða kynntar og ræddar í umhverfis- og skipulagsráði þegar þar að kemur og afgreiddar þaðan. Lögð verður áhersla á að svæðið muni einnig nýtast til almennrar útivistar og afþreyingar.

Virðingarfyllt,
Björn Axelsson, *skipulagsfulltrúi*